



# Safnaðarblað Akureyrarkirkju

## Kvöld- og ferðamanna- kirkjan sumarið 2011

Líkt og undanfarin fimm sumur verður í júní, júlí og ágúst boðið upp á lengri opnunartíma og aukna þjónustu við ferðamenn í Akureyrarkirkju.

Kvöld- og ferðamannakirkjan hefur fest sig rækilega í sessi undanfarin sumur og starfi hennar verið vel tekið. Fararstjórar vita af þessari þjónustu og hafa lært að nýta sér hana, t.d. panta þeir stundum sérstakar bæna- eða helgistundir fyrir hópa sem þeir eru að ferðast með og lýsa ánægju sinni með þjónustuna og opnunartímann, en það er einmitt mjög algengt að hópar útlendinga sem eru á ferð um landið komi ekki fyrr en undir kvöldið á áfangastað. Sömu sögu er að segja um íslenska ferðamenn.

Sumarið 2011 er annað sumarið sem Akureyrarkirkja stendur ein undir kostnaði af þessu starfi, sem áður var samstarfsverkefni þriggja aðila. Af þeim sökum hefur reynst nauðsynlegt að stytta opnunartímann nokkuð.



Séra Jóna Lís Þorsteinsdóttir.

Kirkjan er opin til kl. 20.00 mánudaga til fimmtudaga og einnig á sunnudögum. Prestur er til staðar í kirkjunni frá kl. 17.00 á virkum dögum, sýnir kirkjuna, býður fram þjónustu sína, spjallar við gesti og sinnir því sem þarf, t.d. sálgæsluviðtölum. Á sunnudögum verða alþjóðlegar bæna- og helgistundir kl. 20.00 og vonumst við til að fá þar ungt tónlistarfólk til liðs við okkur.

Áhersla er lögð á að allir finni að þeir eru velkomnir, tungumálum er gert jafnt undir höfði og helgi- og bænastundir eru raunverulega alþjóðlegar.

Verið öll hjartanlega velcomin í kvöld- og ferðamannakirkjunna. Þið þurfið ekki að vera á löngu ferðalagi til að finna að hún er góður áningarstaður, líka þó maður sé bara á kvöldgöngu. Sjáumst í kirkjunni í sumar.

Sr. Jóna Lís Þorsteinsdóttir



### Kirkjulistavika í 12. sinn

Dagana 8.-15. maí næstkomandi verður Kirkjulistavika haldin í Akureyrarkirkju í 12. sinn, en hátíðin hefur verið haldin annað hvert ár frá árinu 1989.

Helstu markmið Kirkjulistaviku hafa frá upphafi verið að efla samvinnu og tengsl listafólks við kirkjuna og gefa Akureyringum kost á að njóta góðra lista í kirkjunni. Að vanda er lögð áhersla á fjölbreytileika og í boði verða óvenjulegir viðburðir auk hefðbundinna stórtónleika.

*Sjá dagskrá á næstu síðu.*



### Söngleikur fyrir börn í Akureyrarkirkju

Sunnudaginn 8. maí kl. 13.00 munu barnakórar Akureyrarkirkju og nemandur við leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar, ásamt hljómsveit, flytja söngleikinn Líf og friður í Akureyrarkirkju.

Söngleikurinn gerist um borð í örkinni hans Nóa og þar koma við sögu minnugur asni, forvitinn pardus og pirruð ugla ásamt fleiri skemmtilegum skepnum en engu fólki.

Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

## Vorferð Adrenalínhópsins

Adrenalínhópur Akureyrarkirkju fór í vorferðina sína mánudaginn 18. apríl. Það var góður hópur af ungmennum sem lagði upp frá Akureyrarkirkju á vit ævintýrana í Höfðahverfi. Byrjað var á að fara á Kaldbak með Kaldbaksferðum og komumst við alla leið á toppinn þar sem hópurinn kvittaði í gestabók og renndi sér síðan niður fjallið á snjóbotum og brettum. Þegar niður var komið var haldið að Grýtubakka II þar sem Pólarhestar eru til húsa og þar gat hópurinn valið á milli þess að fara í stuttan reiðtúr eða að láta teyma sig um hlaðið. Eftir reiðtúrin var haldið heim í Akureyrarkirkju, þar sem pizzur voru borðaðar, horft á bíó og gætt sér á nammi. Gist var í kirkjunni um nóttina. Þessi ferð var í alla staði vel heppnuð og það voru glaðir og ánægðir krakkar sem fóru heim eftir vel heppnaða vorferð. Við færum Bjössa í Réttarholti okkar bestu þakki fyrir vel heppnaða ferð á Kaldbak og hjónin á Grýtubakka II fá einnig okkar bestu þakki fyrir rausnarlegar móttökur hjá Pólarhestum.



Pólarbestar buðu hópnum í reiðtúr og kunnum við heim bestu þakki fyrir.



# Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju í 12. sinn

Dagana 8.-15. maí næstkomandi verður Kirkjulistavika haldin í Akureyrarkirkju í 12. sinn, en hátíðin hefur verið haldin annað hvert ár frá árinu 1989. Að vanda er lögð áhersla á fjölbreytileika og í boði verða óvenjulegir viðburðir auk hefðbundinna stórtónleika.

## Fjölskylduhátíð

Sunnudaginn 8. maí kl. 11:00 hefst kirkjulistavika með sannkallaðri fjölskylduhátíð sem um leið er lokahátíð barnastarfsins þennan veturinn. Yngri barnakór Akureyrarkirkju syngur fyrir kirkjugesti, en allir viðstaddir fá tækifæri til að syngja, leika og gleðjast saman. Leiklistarskóli LA sýnir atriði úr Ávaxtakörfunni. Eftir athöfnina verður pizzuveisla í Safnaðarheimilinu.

Sama dag kl. 13:00 flytja barnakórar Akureyrarkirkju og nemendur við leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar ásamt hljómsveit söngleikinn Líf og friður.

## Myndlist

„Andblær“, sýning Grétu Gísladóttur verður opnuð í Safnaðarheimilinu sunnudaginn 8. maí kl. 15:00. Að öðlast trú, von og kærleik er lífsins sanna gull.

Á sýningu Grétu eru olíumálverk. Þau hafa skírskotun í sögu mannsins á jörðu og kristni og áminningu um að gæta að sérhverju lífi.

Kolbrún Inga Jónsdóttir og Karl Hallgrímsson flytja tónlist.

Daginn eftir, mánudaginn 9. maí kl. 17:00 verður opnuð sýning á teikningum sr. Bolla Gústavssonar vígslubiskups í kapellu kirkjunnar. Teikningararnar eru af kirkjum á Norðurlandi. Teikningarnar skreyta jafnan kirkju-miðstöðina að Vestmannsvatni.

Báðar sýningarnar verða opnar alla vikuna frá kl. 9:00-16:00.

## Hádegistónleikar

Flestir viðburða vikunnar eru ókeypis og þar á meðal eru hádegistónleikar. Fernir hádegistónleikar verða í boði í kirkjulistaviku, frá mánudegi til fimmtudags og hefjast þeir allir kl. 12:10. Á þeim fyrstu mun Margot Kiis söngkonan og Kaldó Kiis sem leikur á píanó flytja dagskrá með yfirskriftina Kærleikur með djassivafi. Hádegistónleikar þriðjudagsins bera heitið Klassískir tónar og það eru Petrea Óskarsdóttir flautuleikari og Þórarinn Stefánsson píanóleikari sem galdra fram rétta stemmingu. Miðvikudagshádegði verður hugljúft og þá munu Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari og Eyþór Ingi Jónsson organisti leika ljúfa tónlist eftir Svendsen, Barber og Piazzolla. Síðustu tónleikarnir verða spunatónleikar, kyrrðar- og fyrirbæna-stund og það er Eyþór Ingi Jónsson, organisti sem leikur af fingrum fram.

## Kvikmyndasýning

Mánudagskvöldið 9. maí verður kvikmyndasýning í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Sýnd verður íranska kvik-



„Andblær“, myndlistarsýning Grétu Gísladóttur.

myndin Bacheha-Ye aseman (Children of heaven). Þessi gullfallega mynd er margverðlaunuð og var m.a. tilnefnd til Oskarsverðlauna. Pétur Björgvin Þorsteinsson flytur stutta kynningu á myndinni fyrir sýningu og stýrir umræðum að henni lokinni.

## Dansmessa

Sunnudagskvöldið 8. maí verður dansað í Akureyrarkirkju.

Dans er sammanlegt fyrirbæri og tengist gjarnan tilbeiðslu. Í Biblíunni eru margar heimildir um dans í trúarlegum tilgangi. „Lofið hann með bumbum og gleðidansi, lofið hann með flautum og strengjaleik,“ segir í Sálmum Davíðs.

Hreyfisöngvarnir í sunnudagaskólanum eru sennilega það sem næst kemst dansi í kirkju samtíms.

Danshöfundurinn Sigyn Blöndal mun kenna söfnuðinum einfalda dansa sem stignir verða undir söngvum, sálmum og fjölbreytilegum hljóðfærslætti.

Rauði þráðurinn í messunni er sálmurinn „Konungur dansanna“ eða Lord of the Dance eins og hinn frægi sálmur heitir sem Sidney Carter gerði með gamlan kvekarasöng að fyrirmynd.

Prestur er sr. Svavar A. Jónsson. Dansmessa hefst kl. 20:00 og við hvetjum alla til að mæta. Ekki sakar að koma með danssko þótt það sé ekki skilyrði.

## Hátíðarmessa

Sunnudaginn 15. maí kl. 11:00 verður hátíðarmessa í Akureyrarkirkju með miklum almennum söng og munu kórar kirkjunnar flytja kórverk. Prestar kirkjunnar predika og þjóna fyrir altari og organistarnir stýra tónlistarflutningi.

## Vesper með kvæðamönnum

Föstudaginn 13. maí verður vesper sunginn kl. 18:00. Við tíðasönginn koma fram félagar úr Kvæðamannafélaginu Gefjuni, þau Rósa María Stefánsdóttir, Þór Sigurðsson og

George Hollanders. Þau munu svo halda áfram að kveða eftir tíðasönginn.

## Vorferð eldri borgara

Fimmtudaginn 12. maí liggur leið eldri borgara við Akureyrarkirkju að Hólum í Hjaltadal, áætlaður brottfarartími er kl. 13:00. Á Hólum tekur vígslubiskup herra Jón Aðalsteinn Baldvinsson á móti ferðalöngum og segir sögu Hóladómkirkju sem er elsta steinkirkja landsins, kirkja sem geymir mikla og merkilega sögu kristni í landinu. Í bændaskólanum verða seldar kaffiveitingar á vægu verði og jafnframt gefst hópnum kostur á að skoða staðinn betur. Séra Hildur Eir Bolladóttir er fararstjóri og skipuleggjandi ásamt Þórunni Sigurbjörnsdóttur. Skráning í ferðina fer fram í Akureyrarkirkju í síma 462-7700 og kostar ferðin með kaffiveitingum í bændaskólanum kr. 2000.

Athygli skal vakin á því að bíllinn mun sækja farþega á Kjarnalund, Hlíð, Mýrarveg og Víðilund.

## Tónleikar

Sunnudaginn 8. maí heldur Kammerkórinn Ísöld tónleika í Menningarhúsinu Hofi kl. 16:00. Kórinn mun þar flytja útsetningar á dægurlögum, allt frá gömlum perlum frá miðri síðustu öld til nýrra rappлага. Daníel Þorsteinsson hefur útsett fjölda laga sérstaklega fyrir þessa tónleika. Með kórnum spilar hljómsveit vikunnar: Daníel Þorsteinsson á píanó, Matti Saarinen á gítar, Stefán Ingólfsson á bassa og Hjörleifur Örn Jónsson á slagverk. Aðgangseyrir er kr. 1500, ókeypis er fyrir 16 ára og yngri. Forsala á miðum er í Hofi, s. 450 1000 og á [www.menningarhus.is](http://www.menningarhus.is)

Miðvikudaginn 11. maí verða marimbutónleikar í Akureyrarkirkju kl. 20:00. Marimbusveitir frá Akureyri, Hafraæk og Húsavík flytja skemmtilega tónlist. Umsjón hefur Ásta Magnúsdóttir.

Kammerkórinn Hymnodia heldur sálmatónleika fimmtudagskvöldið 12. maí kl. 20:00. Þar verða sungnar sálmaútsetningar fimm alda. Eyþór Ingi Jónsson organisti mun einnig flytja sálmforleiki á orgel kirkjunnar. Aðgangseyrir kr. 1500, ókeypis er fyrir 16 ára og yngri.

Hátíðartónleikar Kórs Akureyrarkirkju verða sunnudaginn 15. maí kl. 16:00. Með kórnum koma fram: Eyrún Unnarsdóttir, mezzosópran, Elvý G. Hreinsdóttir, mezzosópran, Hjalti Jónsson, tenór, Steinar Matthías Kristinsson, trompetleikari, Sveinn Sigurbjörnsson, trompetleikari og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, orgelleikari.

Frumflutt verður nýtt verk eftir Gísla Jóhann Grétarsson, samið í til efni 70 ára afmælis Akureyrarkirkju. Einnig verður frumflutt verk eftir Jón Hlöðver Áskelsson. Auk þess verða flutt verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Áskel Jónsson, Jón Þórarinnsson og Jón Nordal.

Stjórnandi er Eyþór Ingi Jónsson. Aðgangseyrir kr. 2000, ókeypis er fyrir 16 ára og yngri.

## Krífalsálmur

Krífalsálmur er samheiti yfir kirkjuleg tónlistarnámskeið fyrir ungbörn og foreldra þeirra. Námskeiðin eiga rætur sínar að rekja til Danmerkur en orðið er þýðing á danska orðinu Babysalmesang.

Á námskeiðinu er leitast við að kenna foreldrum hvernig nota má söng og tónlist til aukinna tengsla og örvunar við börnin þeirra en rannsóknir hafa sýnt að tónlist hefur góð áhrif á m.a. tilfinninga- og hreyfingarskipti barna. Kennendur eru ýmis lög og leikir í notalegu umhverfi kirkjunnar og lögð áhersla á söng og hreyfingu.

Sönghæfileikar foreldranna skipta engu máli í þessu samhengi, börn elska rödd móður og föður framar öllum öðrum! Málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengsl foreldris og barns.

Tónlistarstund með krífalsálmum verður haldin miðvikudaginn 11. maí kl. 10:00 í kapellu Akureyrarkirkju.

Miðvikudaginn 11. maí verður mömmumorgunn í Safnaðarheimilinu kl. 9:30-11:30 í umsjón sr. Hildar Eirar Bolladóttur.

Kirkjukrakkar verða á sínum stað kl. 16.00 og TTT kl. 17.00.

## Kaffihús í Safnaðarheimilinu

Í tengslum við kirkjulistaviku ætlar Kór Akureyrarkirkju að vera með kaffihús í Safnaðarheimili kirkjunnar alla daga frá kl. 11:00. Þar verður boðið upp á kaffi, kakó og aðra drykki ásamt heitum réttum og sætabrauði á vægu verði. Þá verða ýmsar uppkomur í boði á kaffihúsinu auk hefðbundinnar dagskrár vikunnar, t.d. sögustund með Óskari Pé, söngur, danssýning frá Point-dansstudio, fyrirlestur um örverur og kirkjulist og fleira skemmtilegt.

